

**Samband sveitarfélaga á
Suðurnesjum**
Ársreikningur
2025

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum
Skógarbraut 945
262 Reykjanesbæ
kt. 640479-0279

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum Ársreikningur 2025

Efnisyfirlit

Áritun óháðra endurskoðenda	2-3
Skýrsla stjórnar	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Yfirlit um sjóðstreymi	7
Skýringar	8-13

Áritun óháðra endurskoðenda

Til stjórnar og hluthafa í Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum fyrir árið 2025. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2025, efnahag þess 31. desember 2025 og breytingu á handbæru fé á árinu 2025, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanlega vissu er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnu og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.

Áritun óháðra endurskoðenda

- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Reykjanesbær, 15. apríl 2026.

Deloitte ehf.


Kristján Þór Ragnarsson
endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Ársreikningur Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum fyrir árið 2025 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum er í eigu sveitarfélaganna á Suðurnesjum og hlutverk þess er að annast ýmis sameiginleg verkefni fyrir þau.

Starfsemin á árinu

Hagnaður félagsins á árinu samkvæmt rekstrarreikningi nam.....	983.331
Eignir félagsins í árslok samkvæmt efnahagsreikningi námu.....	465.622.825
Bókfært eigið fé í árslok samkvæmt efnahagsreikningi var.....	27.515.872
Eiginfjárlutfall félagsins í árslok samkvæmt efnahagsreikningi nam.....	5,9%
Fjöldi ársverka á árinu nam.....	11

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Að álit stjórnar og framkvæmdastjóra Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn og framkvæmdastjóri Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum staðfestir hér með ársreikning félagsins með undirritun sinni.

Reykjanesbær, 15. apríl 2026.

Í stjórn

Framkvæmdastjóri

Berglind Kristinsdóttir
Björn Selvar
Jónína Magnúsdóttir
Halldóra Fríða Þorvaldsd.
Þorinn Helga Kristinsd.

Rekstrarreikningur ársins 2025

	Skýr.	2025	Áætlun 2025	2024
Rekstrartekjur		402.129.856	198.128.700	429.657.220
Breyting á útlögðum kostnaði verkefna		(24.429.008)		(47.823.423)
Laun og annar starfsmannakostnaður	4	(144.255.067)	(126.736.050)	(120.191.362)
Lífeyrisskuldbinding, breyting		(3.743.712)	(1.050.000)	16.158.421
Styrkir		(155.377.204)	(29.687.700)	(181.552.486)
Annar rekstrarkostnaður		(79.416.006)	(31.204.900)	(70.258.351)
Afskriftir fastafjármuna	6	(1.050.000)	0	(1.050.000)
(Rekstrartap), rekstrarhagnaður		(6.141.141)	9.450.050	24.940.019
Fjármunatekjur		15.177.616	0	11.949.674
Fjármagnsgjöld		(8.053.144)	0	(7.179.318)
	5	7.124.472	0	4.770.356
Hagnaður ársins		983.331	9.450.050	29.710.375

Efnahagsreikningur 31. desember 2025

Eignir	Skýi	31.12.2025	31.12.2024
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	6	77.700.000	78.750.000
Fjárfestingarverðbréf		1.250.000	1.250.000
		<u>78.950.000</u>	<u>80.000.000</u>
Veltufjármunir			
Krafa vegna verkefna		19.832.246	17.222.376
Viðskiptakröfur		623.652	1.330.164
Kröfur á tengd félög	9	32.346.150	107.302.976
Aðrar skammtímakröfur		1.834.377	1.170.885
Handbært fé		332.036.400	252.724.077
		<u>386.672.825</u>	<u>379.750.478</u>
Eignir		<u>465.622.825</u>	<u>459.750.478</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé	7	27.515.872	26.532.541
Eigið fé		<u>27.515.872</u>	<u>26.532.541</u>
Langtímaskuldir og skuldbindingar			
Skuldir við lánastofnanir	8	66.764.618	71.638.391
Lífeyrisskuldbinding	10	173.664.084	169.920.372
		<u>240.428.702</u>	<u>241.558.763</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		6.246.172	7.994.873
Skuldir vegna verkefna		146.882.791	83.692.014
Næsta árs afborganir langtímaskulda	8	8.901.949	8.428.046
Skuldir við tengd félög	9	14.400.358	70.579.561
Aðrar skammtímaskuldir		21.246.981	20.964.680
		<u>197.678.251</u>	<u>191.659.174</u>
Skuldir		<u>438.106.953</u>	<u>433.217.937</u>
Eigið fé og skuldir		<u>465.622.825</u>	<u>459.750.478</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2025

	Skýi	2025	2024
Rekstrarhreyfingar			
(Rekstrartap), rekstrarhagnaður		(6.141.141)	24.940.019
Afskriftir		1.050.000	1.050.000
Hækkun, (lækkun) skuldbindinga		3.743.712	(16.158.421)
Veltufé (til), frá rekstri án vaxta og skatta		(1.347.429)	9.831.598
Aðrar rekstrartengdar eignir (hækkun), lækkun		(2.566.850)	86.966.689
Rekstrartengdar skuldir, hækkun, (lækkun)		61.736.947	(40.846.685)
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		57.822.668	55.951.602
Innborgaðir vextir og arður		15.177.616	11.949.674
Greiddir vextir		(4.269.078)	(3.052.077)
Handbært fé frá rekstri		68.731.206	64.849.199
Fjárfestingahreyfingar			
Lækkun/(hækkun) á kröfum á tengd félög		74.956.826	(23.839.044)
		74.956.826	(23.839.044)
Fjármögnunarhreyfingar			
Afborganir langtímaskulda		(8.196.506)	(7.788.438)
(Lækkun)/hækkun á skuldum við tengd félög		(56.179.203)	69.919.561
		(64.375.709)	62.131.123
Hækkun handbærs fjár		79.312.323	103.141.278
Handbært fé í upphafi árs		252.724.077	149.582.799
Handbært fé í lok árs		332.036.400	252.724.077

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum er samband sem var stofnað af sveitarfélögum á Suðurnesjum, Grindavíkurbæ, Reykjanesbæ, Suðurnesjabæ og Sveitarfélaginu Vogum.

Tilgangur stofnunarinnar er að vinna að hagsmunamálum sveitarfélaganna og efla og styrkja samstarf þeirra. Í sameiginlegum málum komi það fram fyrir hönd sveitarfélaganna gagnvart ríkisvaldinu og öðrum. Kostnaður við rekstur sambandsins skal greiddur miðað við höfðatölu 1. október ár hvert.

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum er með heimilisfesti á Íslandi og er lögheimili félagsins að Skógarbraut 945, 262 Reykjanesbæ.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins.

3. Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

4. Laun og annar starfsmannakostnaður

	2025	2024
Laun og annar starfsmannakostnaður	144.255.067	120.191.362
Meðalfjöldi stöðugilda	11	10

Heildarlaun og þóknarir til stjórnar og stjórnenda félagsins á árinu 2025 námu 30,9 milljónum króna (2024: 30,2 milljónir króna).

5. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur greinast þannig:	2025	2024
Vaxtatekjur af bankainnstæðum	19.371.161	7.488.105
Vaxtatekjur frá tengdum félögum	(4.410.416)	4.410.416
Vaxtatekjur af viðskiptakröfum	0	51.153
Gengismunur	216.871	0
	15.177.616	11.949.674

Fjármagnsgjöld greinast þannig:

Vaxtagjöld og verðbætur af langtímaskuldum	(4.751.290)	(5.141.472)
Gengistap	0	(223.344)
Fjármagnstekjuskattur	(3.290.966)	(1.642.332)
Önnur vaxtagjöld	(10.888)	(172.170)
	(8.053.144)	(7.179.318)
	7.124.472	4.770.356

Skýringar

6. Varanlegir rekstrarfjármunir

	Fasteignir og lóðir	Samtals
Kostnaðarverð		
Staða 1.1.2025	84.000.000	84.000.000
Staða 31.12.2025	84.000.000	84.000.000
Afskriftir		
Staða 1.1.2025	5.250.000	5.250.000
Afskrift ársins	1.050.000	1.050.000
Staða 31.12.2025	6.300.000	6.300.000
Bókfært verð		
Staða 1.1.2025	78.750.000	78.750.000
Staða 31.12.2025	77.700.000	77.700.000
Afskriftarhlutföll	1-6%	
Fasteignamat og vátryggingamat eigna félagsins í árslok greinist þannig:	Fasteignamat	Vátrygginga- mat
Fasteignir og lóðir	61.650.000	221.550.000

7. Eigið fé

Eigið fé greinist þannig:	Óráðstafað eigið fé	Samtals eigið fé
Eigið fé 1.1.2024	(3.177.834)	(3.177.834)
Tap ársins	29.710.375	29.710.375
Eigið fé 1.1.2025	26.532.541	26.532.541
Hagnaður ársins	983.331	983.331
Eigið fé 31.12.2025	27.515.872	27.515.872

Skýringar

8. Langtímaskuldir

	Skuldir við lánastofnanir	
	31.12.2025	31.12.2024
Skuldir í íslenskum krónum	75.666.567	80.066.437
Næsta árs afborg. langtímask.	75.666.567	80.066.437
	(8.901.949)	(8.428.046)
Langtímaskuldir í árslok	66.764.618	71.638.391

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:

	Skuldir við lánastofnanir	
	31.12.2025	31.12.2024
Næsta árs afborganir	8.901.949	8.428.046
Afborganir 2027/2026	8.901.949	8.428.046
Afborganir 2028/2027	8.901.949	8.428.046
Afborganir 2029/2028	8.901.949	8.428.046
Afborganir 2030/2029	8.901.949	8.428.046
Afborganir 2031/2030	8.901.949	8.428.046
Afborganir síðar	22.254.873	29.498.161
	75.666.567	80.066.437

Vegnir meðalvextir eru eftirfarandi:

	31.12.2025	31.12.2024
Skuldir við lánastofnanir.....	1,2%	1,2%

9. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir aðilar sem hafa umtalsverð áhrif á félagið, beint eða óbeint, þ.m.t. móðurfélag, eigendur og fjölskyldur þeirra, stórir fjárfestar, lykilstarfsmenn og fjölskyldur sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir félaginu, s.s. hlutdeildarfélag og samrekstrarfélag. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:

Viðskipti við tengd félög árið 2025:

	2025		2024	
	Kröfur	Skuldir	Kröfur	Skuldir
Reykjanes Jarðvangur	10.108.656	0	3.136.861	41.000.000
Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja	0	14.030.413	45.951.767	0
Markaðsstofa Reykjaness	21.073.958	0	52.940.480	28.873.361
Brunavarnir Suðurnesja	0	369.945	0	706.200
Aðildarsveitarfélag	1.163.536	0	5.273.868	0
	32.346.150	14.400.358	107.302.976	70.579.561

10. Lífeyrisskuldbindingar

Lífeyrisskuldbindingar við LSR

Á Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum og samreknun stofnunarinnar hvílir skuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna félagsins hjá B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Eftirlaunagreiðslur Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins eru miðaðar við fasta fjárhæð frá því þegar úrskurður um lífeyri liggur fyrir en eftir það bera sambandið og samreknar stofnanir ábyrgð á allri hækkun lífeyris.

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum (SSS) hefur til fjölda ára séð um launagreiðslur fyrir Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja (HES) og Sorpeyðingarstöð Suðurnesja sf. (SS). Sökum þess hvíla lífeyrisskuldbindingar á kennitölu SSS sem tilheyra HES og SS. Áfallin skuldbinding hefur verið metin af tryggingarstærðfræðingi miðað við árslok 2025 og uppreiknuð miðað við vísitölu lífeyrisskuldbindinga fyrir opinbera starfsmenn til 31.12.2025 auk 2% vaxta. Í árslok nemur reiknuð lífeyrisskuldbinding á kennitölu SSS um 173,7 milljónum króna. Skuldbindingunni er skipt á milli SSS, HES og SS eftir því hlutfalli sem starfsmenn unnu fyrir hverja stofnun fyrir sig.

Eftir skiptingu nemur skuldbindingin fyrir starfsmenn SSS 61,3 milljónum króna í árslok 2025.

Hluti SSS í lækkun skuldbindingarinnar á árinu 2025 nam um 6,4 milljón króna.

Lífeyrisskuldbindingar við Brú lífeyrissjóð

Hjá Brú lífeyrissjóð hvílir skuldbinding á Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum vegna launa starfsmanna Heilsugæslustöðvar Suðurnesja

Fjárhæð skuldbindingarinnar þann 31.12.2025 nam 112,3 milljónum króna.

Á árinu 2025 eru gjaldfærðar 10,3 milljónir króna vegna reiknaðrar hækkunar skuldbindingarinnar á árinu 2025.

11. Reikningsskilaaðferðir

Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsskiladags. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

Skráning tekna

Tekjur eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Þjónustutekjur eru eftir atvikum færðar á þeim tímapunkti þegar þjónustan hefur verið innt af hendi, eða samhliða því sem þjónustan er veitt. Tekjur, sem innheimtar hafa verið á reikningsárinu en varða síðari reikningsár, eru færðar til skuldar í efnahagsreikningi sem fyrirframinnheimtar tekjur. Tekjur, sem varða reikningsárið en innheimtast eftir lok þess, eru færðar til eignar í efnahagsreikningi.

Skráning gjalda

Gjöld sem stofnað er til við öflun tekna á tímabilinu eru færð sem rekstrarkostnaður. Gjöld sem stofnað er til á reikningsárinu en varða síðari reikningsár eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddur kostnaður. Gjöld sem varða reikningsárið en koma til greiðslu síðar, eru færð til skuldar sem áfallinn kostnaður í

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

Fjármagnsgjöld eru færð í rekstrarreikning á því tímabili sem þau falla til. Lántökukostnaður er eignfærður og afskrifaður línulega yfir líftíma lánsins.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í krónur á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning. Peningalegar eignir og skuldir í erlendra mynt eru umreiknaðar miðað við gengi myntar árslok og er áfallinn gengismunur færður í rekstrarreikning á meðal fjármagnsliða.

11. Reikningsskilaaðferðir frh.

Skattamál

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn. Útreikningur hans byggir á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattshlutfall er 20%.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður skattur stafar af mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattstofn félagsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess.

Tekjuskattseign er metin á reikningskiladegi og er einungis færð að því marki sem líklegt er að hún nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Varanlegir rekstrarfjármunir eru afskrifaðir línulega á áætluðum nýtingartíma þeirra, að teknu tilliti til vænts hrakvirðis.

Eignir þar sem eignarréttur er bundinn öðrum samkvæmt samningi um fjármögnunarleigu eru afskrifaðar á áætluðum nýtingartíma á sama grunni og eignir með fullum eignarrétti.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi, og er færður við rekstrarreikning við sölu.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Leigusamningar

Leigusamningar eru flokkaðir sem fjármögnunarleigusamningar þegar samningsskilmálar gera ráð fyrir að verulegur hluti áhættu og ávinnings af eigninni flyst til leigutaka. Eignir í fjármögnunarleigu eru færðar á meðal rekstrarfjármuna og afskrifaðar á líftíma þeirra og skuldbinding við leigusala er þá færð til skuldar í efnahagsreikningi. Aðrir leigusamningar eru flokkaðir sem rekstrarleigusamningar og leigugreiðslur gjaldfærðar á því tímabili sem þær tilheyra.

Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádregnum afborgunum af höfuðstól og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

Skuldbindingar vegna vöruábyrgða eru færðar á söludegi viðkomandi vara og metnar af stjórnendum m.t.t. áætlaðs fjárútsreymis sem ábyrgðirnar kunna að valda í framtíðinni.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallins kostnaðar.

Sérgreindur tekju- og gjaldareikningur ársins 2025

Tekjur	Rekstur SSS	Heklan - aivinnubr.	Almanna- varnir	Sóknar- áætlun	Fjöðbrautar- skóli	Náttúrustofa Suðvestur- lands	Markaðsstofa Reykjanes	Nefnda- laun	Svæðis- skipulag	Frú		Samtals
										Ragnheiður á Hellsugæslu-	Suðurnesjum stöð lífskb.	
Framlög sveitarfélaga	31.099.012	0	0	0	0	0	0	5.882.232	0	0	7.500.000	44.481.244
Framlög úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga ..	54.446.457	0	0	0	0	4.000.000	0	0	0	0	0	58.446.457
Önnur framlög	18.359.063	76.221.694	8.462.000	173.159.398	0	0	21.500.000	0	0	1.500.000	0	299.202.155
	103.904.532	76.221.694	8.462.000	173.159.398	0	4.000.000	21.500.000	5.882.232	0	1.500.000	7.500.000	402.129.856
Gjöld												
Laun og tengd gjöld	74.198.215	61.101.380	1.135.837	0	0	0	0	7.819.635	0	0	0	144.255.067
Breyting lífeyrisskiddinga	3.743.712	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	3.743.712
Önnur rekstrargjöld	20.919.742	14.745.805	9.561.176	15.603.363	0	0	0	0	10.146.521	0	8.437.399	79.416.006
Styrkir	10.134.004	0	0	121.743.200	0	4.000.000	16.500.000	0	0	3.000.000	0	155.377.204
Breyting á úðögðum kostnaði verkefna ..	24.429.008	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	24.429.008
Afskriftir fastafjármuna	1.050.000											1.050.000
	134.474.681	75.847.185	10.697.013	137.348.563	0	4.000.000	16.500.000	7.819.635	10.146.521	3.000.000	8.437.399	408.270.997
Rekstrarhagnaður (tap)	(30.570.149)	374.509	(2.235.013)	35.810.835	0	0	5.000.000	(1.937.403)	(10.146.521)	(1.500.000)	(937.399)	(6.141.141)
Fjármunatekjur	19.588.032	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	19.588.032
Fjármagnsgjöld	(8.053.144)	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	(8.053.144)
Tekjuafgangur/(halli) ársins	(19.035.261)	374.509	(2.235.013)	35.810.835	0	0	5.000.000	(1.937.403)	(10.146.521)	(1.500.000)	(937.399)	5.393.747
Krafa / (skuld) í upphafi árs		(8.911.753)	(6.013.381)	(42.685.715)	1.101.749	0	0	(187.792)	16.120.627	(3.000.000)	(1.313.373)	(44.889.638)
Millitant á fyrirframmheimtar tekjur								0				
Krafa / (skuld) í lok árs		(9.286.262)	(3.778.368)	(78.496.550)	1.101.749	0	(5.000.000)	1.749.611	26.267.148	(1.500.000)	(375.974)	(69.318.646)
		374.509	(2.235.013)	35.810.835	0	0	5.000.000	(1.937.403)	(10.146.521)	(1.500.000)	(937.399)	24.429.008